Farsími í áskrift

04.11.2026

Farsími í áskrift er þjónusta þar sem þú greiðir fyrirfram mánaðargjald fyrir áskriftina og fyrir notkun eftirá samkvæmt verðskrá. Kynntu þér áskriftarleiðir og aukaþjónustur sem henta þínum þörfumhér.

Hvernig skrái ég mig í áskrift?

Ef þú vilt færa númerið þitt til Símans eða stofna nýja áskrift þá tökum við vel á móti þér í verslunum okkar eða í síma 550 6000, sjá opnunartíma.

Hvað er innifalið í farsímaáskriftum?

Með öllum áskriftum færðu Endalausar mínútur og SMS á Íslandi og þegar þú ert í Evrópu (EES). Einnig getur þú notað hluta af inniföldu gagnamagni í reiki í Evrópu. Þú getur séð hversu stóran hluta þú getur notað í Evrópu í þinni áskrift í Appinu og séð hér fyrir allar áskriftarleiðir.

Hvar get ég skoðað notkun?

Þú getur fylgst með notkuninni þinni á Þjónustuvefnum og í Appinu. Athugaðu að það getur liðið einhver tími frá því að erlend notkun á sér stað þar til hún skilar sér til okkar.

Sækja Símaappið fyrir Android stýrikerfi

Sækja Símaappið fyrir iOS stýrikerfi

Hvernig get ég breytt farsímaáskriftinni minni?

Þú getur breytt farsímaáskriftinni þinni á Þjónustuvefnum og í Appinu. Ef þú stækkar áskriftina þína þá tekur stækkunin gildi strax en minnkun á áskrift tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar.

Hvað gerist ef ég klára gagnamagnið í áskriftinni minni?

Hraðahindrun

Það er enginn óvæntur kostnaður vegna gagnamagns í farsímaáskrift hjá okkur. Ef innifalið gagnamagn í áskriftinni er að klárast þá hægjum við á netinu þínu og látum þig vita með SMS. Þú hefur þá tækifæri á að stækka áskriftina.

Stækka farsímaáskrift

Ef þú ert í einstaklingsáskrift þá getur þú einfaldlega stækkað áskriftina þína á Þjónustuvefnum og í Appinu og sú breyting tekur gildi strax.

Stækka fyrirtækjaáskrift

Ef vinnuveitandi er að greiða fyrir farsímaáskriftina þína þá getur þú keypt stækkun í Endalaus GB á Þjónustuvef og í

Appinu.

Kaupa meira gagnamagn í EES

Ef þú klárar innifalið gagnamagn í EES getur þú keypt auka 15 GB innan EES sem gilda innan núverandi mánaðar.

Smelltu hérna ef þú vilt fara á þjónustuvefinn til að bæta við gagnamagni.